

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Atvinna
- Gönguferðir
-

Næsti Pési kemur út 15. ágúst 2011

Skil á efni er 9. ágúst

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Grímsævintýri	4
Myndlist	10
Fjáröflun	16
Zero	18

Júní 2011

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 250. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Hátíðardagskrá í



Hrunamannahreppi

17.júní 2011

Hæ hó jíbbí jeij og jíbbí jeij, það er kominn 17.júní

Dagskráin hefst með skrudgöngu, sem leggur af stað frá íþróttahúsinu **kl. 13.30**.

Að henni lokinni (um kl.14.00) hefjast hefðbundin hátíðarhöld í íþróttahúsinu. Sprell í sundlauginni og 17 júní hlaup og kassabílarallý á sínum stað

Sent verður út dreifibréf með nánari dagskrá
Nefndin



Frá opnun Bændamarkaðar þann 4 júní sl.: Bjarney Ásdís, og Harpa

Ljósm:SigSigm



Verið að leggja lokahönd á frágang undirgangna við
tjaldsvæðið á Flúðum Ljósm:SigSigm

Sveitarstjórastíll

Júní er genginn í garð og eins og sést þá liggur sumrinu ekkert sérstaklega mikið á. Hins vegar er og mun væntanlega ekki vera nýmæli að Ísland komi sífellt á óvart, við erum bara svo góðu vön. Nú fer að stytast í að allir skólar komist í sumarfrí, búið að slíta Flúðaskóla og leikskólinn á síðustu metrunum. Þó það sé eflaust kærkomið hjá börnunum að komast í „sumarfrí“ þá myndu þau vera vængbrotin ef enginn væri skólinn. Skólarnir okkar eru grundvallar undirstaða fyrir þroska og þróun barnanna okkar. Það var því afar gaman að fylgjast með árhátíð yngri hluta Flúðaskóla og sjá hvað krakkarnir eru að gera. Þó ég næði nú bara að sjá ávaxtakörfuna þá verður að segja að það er ómetanleg reynsla og þroski fyrir börn að læra að koma fram á sviði og tjá sig með einhverjum hætti. Þetta er líka skóli sem þau munu búa að alla ævi. Þá er annar viðburður sem ég var að upplifa í fyrsta skipti sem „Flúðverji“ og það er rusladagurinn. Þó þáttakan hefði getað verið betri verð ég að taka hattinn minn ofan fyrir þessu framtaki sem er orðið drjúg gamalt. Ég þreytist seint á að hvetja fólk og fyrirtæki að hafa snyrtilegt í kringum sig en svona hópefli og „gaman saman“ hefur mikið að segja og vekur þá kennd hjá fólki að með samstöðu getur það haft áhrif á umhverfi sitt í bókstaflegri merkingu. Einn liður í þessari hugmyndafræði hjá sveitarfélaginu var að ráða umsjónarmann fasteigna og húsvörslu. Eitt af hlutverkum þessa starfsmanns er einmitt að hafa umsjón og eftirlit með opnum svæðum í eigu sveitarfélagsins og bindum við vonir við að það bæti okkar þátt í þessu starfi. Það var mikið happ að hann Stefán húsvörður í félagsheimilinu var tilbúinn að taka að sér þetta starf samhliða sínu starfi og veit ég að opin svæði eru einmitt eitt af áhugamálum hans. Tengt þessu hefur verið ákveðið að leggja bundið slitlag á Sneiðina á Flúðum samhliða frágangi á tengingum inn á Flúðasvæðið. Ég veit að það kunna að vera götur á Flúðum sem hafa beðið lengur eftir þessari bragabót en okkur er þröngur stakkur skorinn í þessum efnunum en það er okkar vilji að þessum götum fækki jafnt og þétt. Nú fer einnig að stytast í annan hefðbundin atburð en það er Þjóðhátíðardagurinn, sem væntanlega verður haldið upp á 17. júní, ef ég man rétt. Nú háttar þannig til að það eru 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar sem þessi merki dagur er kenndur við. Eflaust þætti honum karlinum margt hafa breyst á þessum 200 árum en erum við þó ekki í sjálfu sér sömu manneskjurnar, bara í öðrum og betri aðstæðum. Ég vona að fólk taki þátt í þessum hátíðarhöldum því ég veit að 17. júní nefndin er á fullu við að gera þennan dag fjölskylduvænan. Það er einnig ánægjulegt að bændamarkaðurinn á Flúðum lifir áfram og ber að þakka þeim Auðsholtsmæðgum það framtak að opna bændamarkað í gamla leikskólanum í íþróttahúsinu. Vonandi munu heimamenn og gestir kíkja við og prófa það sem þar er upp á að bjóða. Þá er annað framtak sem ég vil vekja athygli á og það eru árlegar skipulagðar gönguferðir um sveitarfélagið en fólk getur nálgast upplýsingar um þær í Pésanum og á heimasíðu sveitarfélagsins. Þeir sem skipuleggja þessa viðburði og síðan leiðsögumenn ferðanna eiga heiður skilinn fyrir þetta framtak. Þésinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður víst enginn júlíastíll. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið hjartasta tíma ársins sem allra best.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Grímsævintýri

Handverksfólk-framleiðendur
athafnamenn-þjónustuaðilar

Laugardaginn 6. ágúst nk. verður markaðsdagur á Borg Grímsnesi. Þar verður í boði aðstaða til að selja og kynna varning og starfsemi eins og undanfarin ár.

Á sama tíma verður tombóla kvenfélagsins og margt, margt fleira.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í markaðsdeginum og vera með sölubása hafi samband, fyrir 31.júlí, við:

Kristínu í síma 862-2301 eða netfangið stina@gogg.is

Guðrúnu í síma 848-3595 eða netfangið abj@internet.is



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-20:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Sumar opnunartími hreppsskrifstofu*

*Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Föstudaga: 09:00-12:30

**Skrifstofan er LOKUÐ frá 4 júlí til 25 júlí
vegna sumarleyfa starfsmanna**

Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar

Starfsmaður

Starfsmann vantar í 100% starf við í húsvörslu, aðallega vegna íþróttahúss og sundlaugar, og ýmis tilfallandi störf hjá áhaldahúsi hreppsins. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um

Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. júní n.k.

Girðingarefni rafgirðingar - netgirðingar - plaststaurar

Randbeitavír



Hvítur/Orange 250 m
Kr. 2.652

Rafgirðingaborði



200 m
Kr. 3.145
100 m
Kr. 1.754

Rafgirðingareipi



200 m
Kr. 5.602
100 m
Kr. 2.954



Plasteinangrari
Kr. 64



Egg-einangrari
Kr. 110

Randbeitastaurar

Hvítur stál
Kr. 563

Hvítur plast
Kr. 398



Hliðhandfang
Kr. 472



Hnifrofl
Kr. 1.445



Naglbítur
Kr. 2.736



Girðingartöng Fjölnota
Kr. 2.736



Digital Volt mælir
Kr. 7.276



Randbeitarkefli niðurgírað
Kr. 9.527



Randbeitarkefli
Kr. 7.878



Randbeitarkefli
Kr. 5.439

Túngirðingarnet - gaddavír



Túngirðingarnet 5 str. 65cm 100m

Kr. 12.998

Túngirðingarnet 7 str. 65cm 100m

Kr. 16.056

Túngirðingarnet 6 str. 900cm 100m

Kr. 15.457



Gaddavír Iowa 2,5mm 200m járnvír

Kr. 9.528

Gaddavír Motto 1,6mm 200m stálvír

Kr. 5.395

Girðingastaur gagnv. yddaður 70/1800

Kr. 398

Girðingastaur gagnv. yddaður 120/2400

Kr. 2.308

Girðingastaur járn 1,8 m

Kr. 1.500



Bílanagreinnir - Volt mælir
Greinnir í hvora átt útleiðsla er
Kr. 30.314

Plastgirðingastaurar og fylgihl.

Virafestingar stakar	Kr. 15
Plaststaur 1000 án/járnfótar	Kr. 448
Plaststaur 1500 m/spiss	Kr. 573
Rengla 1000 5 strengja	Kr. 45
Plast-hornstaur án/kamst.25mm	Kr. 885
Hattur á hornstaur	Kr. 306
Stagfesta á plast-hornst	Kr. 3.399
Kambstál 16mm x70cm	Kr. 309
Kambstál 20mm x 70cm	Kr. 472
Kambstál 25mm x 70cm	Kr. 737
Kambstál 25mm x150cm	Kr. 1.579
Kambstál 25mm x 200cm f/hornstaur	Kr. 1.860

Fyrir sauðburðinn



Lambamjólkurduft
Kr. 7.880
10 KG.

LAMB AID



Fyrir nýfædd veikburða lömb.
Styrkir ónæmskerfið og bætur meltinguna.

- Merkilítir
- Burðaslím
- Klaufaklippur
- Lambasnara
- Lambatútfótur
- o.fl. o.fl.



480 5600

landstolpi.is



virðing vitneskja Hrunamannahreppur, 345 Flúðir, sími 4806610, fax 4806616, fludaskoli@fludasko

Starfsmann vantar í 80 % starfshlutfall í ræstingu við Flúðaskóla frá 18. ágúst 2011.

Vinnutími er samkomulagsatriði, laun samkvæmt kjarasamningi launafndar sveitarfélaga og Bárunnar.

Upplýsingar veitir Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 480 6611.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2011.

Tamningar

Hef nokkur laus pláss í tamningar í sumar.

Manni í Langholtskoti

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði (næst 14. júní 2011)



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00

Laugardaga 10:00-18:00

Sunnudaga: 10:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Vertu með því vorið kallar á þig



Stafganga
Nordic Walking
Stafgöngupjálfari
Júlíana Magnúsd
Sími 861-7888

Ísland
á iði
Hreyfa sig!

*Stafgöngunámskeið við
Íþróttamiðstöðina í Reykholti
mánudaginn 20. júní kl.20:30*

*Við fáum lánaða stafgöngustafi hjá ÍSÍ,
en taktu með þér þína eigin stafi ef þú átt þá. Þátttökugjald kr. 1.000,-
.Klæddu þig eftir veðri.*

Vertu í liprum skóm sem halda vel að, en ökkli er óþvingaður í.

Júlíana Magnúsdóttir stafgönguleiðbeinandi frá ÍSÍ.

Skráning í síma 861-7888 eða á lully@simnet.is

Eldriborgarar

Sér námskeið fyrir eldriborgara í Hrunamannahreppi og

Bláskógabyggð þriðjudaginn 21. júní kl. 10:30

við Íþróttamiðstöðina á Flúðum.

Ekkert þátttökugjald.

Skráning hjá Eiríki í síma 861-0272

Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 50% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. júní n.k.

Snjómokstur og háلكuvarnir

Tilboð óskast í snjómokstur og háلكuvarnir innan þéttbýlisins á Flúðum á götum, plönum og göngustígum í umsjón sveitarfélagsins. Óskað er eftir tilboðum í tímagjald fyrir þessa þjónustu með og án háلكuvarnar. Þá er gerð krafa um að tæki henti til moksturs á göngustígum. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. júní n.k.



Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Myndlist í hesthúsi
Án að mála í e stölu

Myndlist í hesthúsi í Reykholti

Í sumar mun ég vinna að myndlist í hesthúsinu mínu í Reykholti, vinnustofan verður opin og gestir velkomnir. Verkin verða til sýnis og sölu, myndir og listmunir sem tengjast íslenska hestinum. Einnig verður myndlistarhorn fyrir börn, penslar blöð og litir til að mála með, ásamt hestamyndum til að lita. Við hesthúsið verða tveir hestar sem hægt er að skoða og klappa.

Opnunartími í sumar frá 10. júní – 13. ágúst.

Mánudaga 11:00-14:00, Þriðjudaga til laugardaga 11:00-17:00, lokað á sunnudögum
sími 695 1541 og 690 9716 www.sigurlina.123.is netfang bjarkarbraut@simnet.is

Hrossaræktarfélag Hrunamanna auglýsir



Sveinn-Hervar frá Þúfu

verður á vegum Hrossaræktarfélags Hrunamanna í allt sumar.

Fyrri gangmál hefst 15.júní.

Úrvals beitiland og daglegt eftirlit.

Tekið verður við ungfolum í sumarbeit í Högnastaðagirðingu í sumar.

Miðað er við að folarnir séu 3v og yngri og í eigu félagsmanna.

Pantanir berist fyrir 17.júní.

Upplýsingar og pantanir hjá **Berglindi** í síma 8485811 og netfang efralangholt@simnet.is

Nýr umsjónarmaður skálanna á afrétti Hrunamanna

Loftur Magnússon verður umsjónarmaður gangnamannaskálanna á afrétti Hrunamannahrepps í sumar.

Hann gefur upp allar nánari upplýsingar og tekur á móti pöntunum í síma 896-0812. Netfang hans er loftur@magnusson.is

Flúðaleið flutningar ehf vantar meiraprófsbílstjóra.

Flúðaleið flutningar ehf, sem sér um vöruflutninga fyrir Eimskip og Samskip í uppsveitir Árnessýslu, vantar meiraprófsbílstjóra til að sinna útkeyrslu á sendibílum, flutningabílum og trail-erum.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Pálmari í síma 892-2370 og á



Frá Bókasafni Hrunamanna



Frá og með 1. maí tekur sumaropnunartíminn við:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga LOKAÐ



Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Bókasafn – Heilsulind hugans J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGADJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533

2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-

fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrir-
tækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað Húðhreinsun

Litun og plokkun Handsnyrting

Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Strandblak UMFH

Annað stigamót Blí verður haldið á strandblakvellingum 17—19 júní.

Minum svo alla á opna Gröfutæknimótið þann 9. júlí, þrír í liði,

með inni blakreglum

Kveðja Kristján Geir



Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2011

Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2011. Þetta er tíunda sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta talsins og munu allar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema sú síðasta sem er dagsganga niður með Laxárgljúfri. Sú nýjung er tekin upp að rukkað verður vægt gjald fyrir þá sem taka þátt í göngunni og er það **200 kr.** fyrir þá sem eru 18 ára og eldri. Allir eru hjartanlega velkomnir.

1. ferð 22. júní. Kvöldganga kl. 20.00

Miðfell

Gengið frá Miðfelli upp á fellið. Af fellinu er mikið útsýni. Sú trú er að í Miðfellsvatni, sem er uppi á fellinu, sé nykur. Ekki er ólíklegt að þessi tími árs, miðsumar og Jónsmessa, hvetji nykurinn til að láta sjá sig. Gangan er frekar brött en nokkuð auðveld og hafa allir aldurshópar farið á fellið.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Áslaug Bjarnadóttir, Miðfelli.

2. ferð 29. júní. Kvöldganga kl. 20.00

Gengið með Stóru-Laxá

Ekið að bílastæði hægra megin við veginn skammt ofan við Þverspyrnu (ekið framhjá Hruna). Gengið þaðan að Stóru-Laxá og með henni niður að Sólheimum.

Mögnuð náttúrufegurð.

Áætlaður göngutími er 3 klst.

Fararstjóri: Séra Eiríkur Jóhannsson í Hruna.

3. ferð 6. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Svartárgljúfur – Tungufellsskógur

Ferðalangar hittast á hlaðinu á Tungufelli.

Sívinsæl leið þar sem gengið er í gegnum ilmandi skóginn í Tungufellsdal og Svartárgljúfur skoðað en í því er mjög

fallegur foss. Einnig er gengið upp á Tófuhól en þaðan er víðsýnt.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjórar: Elín J. Traustadóttir og Svanur Einarsson, Tungufelli.



4. ferð 13. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Hrepphólar – Hólahnúkar.

Lagt af stað frá hlaðinu í Ásgerði og gengið kringum Hólahnúka sem eru stórkostlegir stuðlabergshnúkar. Endað við Hrepphólakirkju. Þetta er létt og skemmtileg leið sem er mikil náttúruperla. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjórar: Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir og Þorbjörn Sigurðsson, Áshlíð.

5. ferð 20. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Núpstúnskista

Lagt af stað frá bænum Núpstúni sem leið liggur upp á Núpstúnsfjall. Allir sem keyra upp hreppinn sjá kistuna uppi á Núpstúnsfjalli, sem þýðir svo mjög bæjarstæðið í Núpstúni. Þeir sem vilja virða fyrir sér útsýnið yfir Suðurland þríla upp á kistuna, aðrir hvíla sig aðeins neðar.

Áætlaður göngutími er 2 klst.

Fararstjóri: Margrét Larsen, Núpstúni.

6. ferð 27. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Skollagróf – Bryðjuholt

Lagt er af stað frá Skollagróf og bakkar Hvítar þræddir, farið um Flosatraðir og endað í Bryðjuholti. Þessi leið er ekki erfið en býður upp á skemmtilega sýn yfir Hvítá og mikið fuglalíf. Engin fell eru á leiðinni en getur orðið blaut í rigningu.

Áætlaður göngutími 2-3 klst.

Fararstjórar: Samúel Eyjólfsson, Bryðjuholti, og Fjóla Helgadóttir, Skollagróf.

7. ferð 3. ágúst. Kvöldganga kl. 20.00

Flúðahverfið

Lagt af stað frá Félagsheimilinu á Flúðum. Gengið um hverfið og farið yfir sögu þess. Skemmtileg saga um upphaf Flúðahverfisins og mannlífsins á Flúðum.

Þægileg kvöldganga fyrir alla aldurshópa.

Áætlaður göngutími er 2 klst

Fararstjórar: Anna Björk Matthíasdóttir og Guðmundur Magnússon, Steinahlíð.

8. ferð – ágúst. Dagsganga

Stóru-Laxárgljúfur

Ekið er inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Komið við í Hrunakrók og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. Gangan er hugsuð sem náttúruskoðun. Að þessu sinni verður gangan í samstarfi við Upplit, menningarklasa uppsveita Árnessýslu.

Dagsetning og nánari upplýsingar verða settar á www.sveitir.is, www.fludir.is, www.upplit.is

og Fésbókarsíðu Upplits.

Fararstjóri: Anna Ásmundsdóttir, Stóru Mástungu.



Fjáröflun Hrunaréttu

Ákveðið hefur verið að bjóða bændum og öðrum velunnurum sveitarinnar leið til að styrkja uppbyggingu Hrunaréttu með kaup á vinnu og efni í hana. Boðið verður upp á 3 leiðir og miðað er við dilka, þ.e.a.s ¼ úr dilk, ½ dilk og 1 dilk. Verð á dilkum er: ¼ dilkur 75.000 + vsk, ½ dilkur 150.000 + vsk og 1 dilkur 300.000 + vsk.

Óskað er eftir því að áhugasamir hafi samband við stjórn sauðfjárræktarfélagins og láti vita hvaða leið viðkomandi vill fara.

Nánari upplýsingar fást hjá stjórninni.

Einnig vill stjórnin þakka öllum þeim , sem nú þegar hafa styrkt uppbyggingu réttanna með fjárframlagi eða vinnu .

Stjórn sauðfjárræktarfélagins

Magnús Helgi Loftsson


S:690-5969

Esther Guðjónsdóttir

S: 865-8761

Benedikt Kristinn Ólafsson

S: 861-1907



Matstofan Árnesi hefur nú hafið göngu sína og er opið frá klukkan 11.30 til 22.00 en til klukkan 01.00 á föstudögum og laugardögum.

Ný bakað brauð til sölu frá klukkan 9.00 alla daga.

Bændamarkaður er opin alla daga og kökuhlaðborð á sunnudögum mmm....

Allt fyrir alla

Börn, konur og karla

Matstofan Árnesi

matstofaarnes@simnet.is

s. 8445262



Golfæfingar fyrir börn og unglinga!

Golfæfingar fyrir börn og unglinga verða á golfvelli Efra Seli á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 09:30-11:30. Leiðbeinendur eru þeir Árni Þór

Hilmarsson og Karl Gunnlaugsson.

Allir velkomnir. Fyrsta æfing byrjar þriðjudaginn 14. júní

Barna og unglinganefnd GF



Pótti frá Hvammi 1- IS2007188370, sinnir hryssum í sumar óski eigendur þeirra þess.

Hann er undan 1. verðlauna foreldrum, faðir er **Póroddur frá Póroddsstöðum** (Ae:8,74) og móðir er **Una frá Hvammi 1** (Ae: 8,17).

Þótti er léttbygður og háfættur, alhliðagengur foli og hefur hlotið fyrir sköpulag 8,11, þar af 8,5 fyrir samræmi, fótagerð og hófa.

Verð á folatolli er 25 þús + vsk. Ef einhver vill skipta á nothæfri sláttuvél þá kemur það vel til greina.

Upplýsingar gefur Helgi í s: 897 7623

Kvennareiðtúr.

Hinn árlegi kvennareiðtúr verður farinn 19.júní n.k.

Lagt verður af stað frá Reiðhöllinni kl. 14:00

Verður farið í Reykholt yfir nýju brúna og borðað verður á Kaffi-Klett.

Kostnaður vegna matar verður ca.1500-2000 kr.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Sigrúnar (S: 864-5213) eða Ragnheiðar (S: 845-5213).

Vonumst til að sjá sem flestar.



Alþjóðaklúbbur Zero

Í sumar er félagsmiðstöðin lokuð en tveir hópar sem taka þátt í ungmennaskiptaverkefnum munu þó standa í ströngu. Yngri hópurinn tekur á móti hóp frá Finnlandi í lok júní en sá eldri heldur til Eistlands í ágúst þar þau hitta fyrir hóp frá Englandi og Eistlandi. Þessir duglegu krakkar og unglingar biðja um stuðning við þau verkefni sem þau vinna að, sjá nánar hér að neðan.

Söfnun fyrir heimilislaus dýr

Félagsmiðstöðin stendur fyrir verkefni um dýra- og náttúruvernd daganna 22. júní til 1. júlí ásamt félagsmiðstöð frá Helsinki. Tólf unglingar úr Zero taka þátt í verkefninu en auk þess að fjalla um málefnið verður farið í vefangs- og skemmtiferðir, haldnar kvöldvökur og unnið í smiðjum.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að styðja Dýrahjálpi Íslands, félagsamstök sem stefna að stofnun dýraathvarfs og hjálpa heimilislausum dýrum. Þátttakendur munu útbúa leikföng og annað sem dýrin þurfa á að halda en einnig biðlum við til ykkar allra um stuðning í verki. Leynist hjá ykkur teppi, leikföng, körfur sem hægt er að nota sem bæli eða hvað það annað sem nýst gæti heimilislausum dýrum í neyð? Við ætlum að safna slíku saman og færa samtökunum og ef þið viljið gefa hluti í söfnunina getið þið komið með þá í félagsmiðstöðina eða haft samband og við komum og sækjum þá.

Allt lítið hjálpar, svo kíktu í bílskúrinn eða geymsluna **J**

Símanúmer félagsmiðstöðvarinnar: 483-1836 / 774-0015, tölvupóstfang: hjalti@fludir.is

Fjáröflun

Við erum tíu unglingar sem ætlum að fara til Vöru í Eistlandi í ágúst til að taka þátt í verkefni um nýsköpun og hvernig maður skapar sér starfstækifæri með frumkvöðlastarfi. Þetta er framhald af verkefni sem við stóðum fyrir á Laugarvatni í mars, þar sem við ræddum svipað málefni.

Í sumar ætlum við að safna í ferðasjóð með ýmsum hætti. T.d. munum við heim-sækja ykkur kærur sveitungar með klósetpappír, sælgæti og fleira til sölu. Einnig ætlum við að bjóða uppá bílaþvott einhverjar helgar í sumar á Flúðum, Árnesi og Brautarholti.



Bílaþvottur 18. júní – Árnesi

Við erum tíu unglingar,
hörkudugleg
og hress sem langar að þvo bílinn
þinn!!



Við verðum í Árnesi, laugardaginn 18. júní, kl. 11-17
Tímamantanir í síma 865-1076 (Sylvía) og 774-0015 (Hjalti)
**Einnig hægt að kíkja við og sjá hvort við höfum pláss
fyrir þig og bílinn þinn í dekur!**

Félagsmiðstöðin Zero s. 483-1836 / 774-0015 hjalti @fludir.is



Frá opnun Matar-
smiðjunnar á Flúðum..
Ljósni: SigSigm



Aska úr Grímsvatnagosi á paprikuplöntunum á Reykjaflöt Ljósni:SigSigm

